

Kæru íbúar

Til hamingju með þjóðhátíðardag Íslands.

Í dag fögnum við 80 ára tímamótum landsins okkar en þó vill svo skemmtilega til að þetta lendir á afmælisviku Reykjanesbæjar sem er orðinn 30 ára gamall.

Þegar ég hugsa um Reykjanesbæ er yfirleitt eitt orð sem kemur upp í minn huga, seigla.

Seigla er hugtak sem notað er yfir þrautseigju og innri styrk hjá fólki sem lætur ekki erfiðleika í lífinu buga sig. Seigla almennt þróast með reynslu og reynsluna höfum við.

Við erum kjarnafólk, sterkt og öflugt vinnuafl sem höfum byggt hér upp massíft og gott samfélag.

Þegar við horfum til ættfeðra og -mæðra okkar fyrir tæpri öld síðan þá er hægt að sjá þessa seiglu.

Ísland fékk stjórnarskrá árið 1874 og þar með löggjafarvald, svo héldum við áfram að ýta og þrjóstast áfram og svo varð að við fengum heimastjórn árið 1904... tók 30 ár reyndar en það tókst.

Ýtnin hélt áfram þar sem aðrir leiðtogar tóku við af Jóni Sigurðssyni, þjóðfrelsishetju Íslendinga eftir að hann lést árið 1879.

Og við urðum fullvalda þjóð árið 1918. Það er ótrúlega merkilegt þegar horft er til þessa árs 1918 fyrir meira en öld síðan.

Á þessum tíma voru einna mestu frosthörkur í langan tíma (frostaveturinn mikli þar sem hitastigið víða um landið var í mínus 30 gr.), Katla gaus og eins og það hafi ekki verið nóg þá komst spænska veikin til Íslands á sama tíma. Eftir allt þetta hélt Ísland stolt upp á fullveldi sitt þann 1. desember 1918.

En við hættum ekki þar...

Því árið 1944 eða fyrir 80 árum síðan varð Ísland sjálfstæð þjóð frá Danmörku þegar íslenskt hugvit upp á sitt besta vann að því að undirbúa tækifærið sitt að biðja um sjálfstæði í miðri síðari heimsstyrjöldinni.

Til að sjá mikilvægi þessa tíma þá var svokallaður D dagur síðari heimsstyrjaldar þann 6. júní 1944 þegar ráðist var inn í Normandí í Frakklandi.

Þetta voru nefnilega mjög merkilegir og flóknir tímar en við Íslendingar...

Við vorum með okkar **markmið** og með okkar einskæru **seiglu** náðum við þeim fram.

Íslendingar völdu svo 17. júní, þennan hátíðlega dag til að marka þessi tímamót um sjálfstæði landsins þar sem Jón Sigurðsson fæddist þann dag árið 1811.

Þetta eru tímar sem við stöldrum ekki oft við og hugsum um en hver veit hvort að við værum sjálfstæð þjóð ef ekki væri fyrir seigluna í okkur hér áður. Færeyjar og Grænland eru enn undir dönsku krúnunni þó að bæði löndin hafi fengið heimastjórnir líkt og við en eru þó ekki sjálfstæðar þjóðir enn þann dag í dag.

Við erum nefnilega hér í dag af ástæðu og verðum að meta það.

Svo ég vitni í einn gáfaðasta mann samtímans sem er nýlega látinn, eðlisfræðinginn Stephen Hawking sem sagði:

„Horfðu upp til stjarnanna en ekki niður á fæturna á þér. Reyndu að ráða úr því sem þú sérð og skilja það og hugsaðu um hvað það er sem lætur alheiminn vera til. Vertu forvitinn.“

Íslenskt hugvit áfram veginn, það er fátt sem við getum ekki gert svo lengi sem við trúum því sjálf og stoppum okkur ekki sjálf af.

Það er nefnilega svo gott máltæki sem segir – það er svo mikill heimur til og svo lítill tími...

Við Íslendingar eru stolt þjóð og þurfum við, sem stýrum ríki og sveitarfélögum okkar víðs vegar um land, að vanda okkur, að leggja okkur fram um að gera vel og búa íbúum okkar til gott samfélag til að búa í. Þar sem við erum örugg, þar sem okkur líður vel og þar sem við erum hamingjusöm.

Í mínum huga er það Reykjanesbærinn minn, bærinn sem ég ólst upp í og börnin mín sem eru fjórði ættliður minnar fjölskyldu sem elst hér upp og viljum við hvergi annars staðar vera.

Verum sterk saman, vinnum málin saman og höldum áfram að gera Reykjanesbæ að okkar besta bæ.

Sáum fræjum og ræktum þau því Ísland er land þitt, það er land okkar allra...

Kæru íbúar,

Gleðilegan þjóðhátíðardag, til hamingju með 30 ára afmæli Reykjanesbæjar, til hamingju með 80 ára afmæli lýðveldisins Íslands og megum við búa við velferð, hagsæld og góða tíma um aldir alda.

Guðný Birna Guðmundsdóttir,
forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar.